

Karlotta Helgadóttir

From: Philippe Hoornaert <philouh@hotmail.com>
Sent: miðvikudagur, 15. mars 2023 20:10
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir vegna Kárnesbrautar 96

Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Completed

Góðan dag,

Ég heiti Philippe Hoornaert og við konan mín erum eigendur Vesturvarar 13D. Við fengum bréf þann 8. mars 2023 varðandi tillögu um skipulagsbreyting á loðinni Kárnesbraut 96. Við erum með nokkrar athugasemdir við þessa tillögu.

1. Í 44. gr. skipulagslaga 123/2010 stendur meðal annars að "Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur." Fresturinn til að gera athugasemdir er til 30. mars 2023 þannig að bréfið hefði átt að berast í síðasta lagi þann 2. mars. Við fengum bréfið þann 8. mars sem gerir frestinn styttra en fjórar vikur. Við gerum okkur grein að bréfið er dagsett þann 28. febrúar en þar sem bréfið fór frá postinum þann 3. mars var ekkert möguleiki að það mundi berast til okkar nógu snemma fyrir þennan lagabundinn frest.

2. Í byggingarlýsingunni, kafla A) Grunnupplýsingar stendur meðal annars "bil á milli húsa á Kárnesbraut 96 og Vesturvör 13 er 9 m (mælt af teikningu)". Á öllum teikningum stendur á moti "EKKI SKAL MÆLA AF TEIKNINGU, AÐEINS MÁLSETTAR STÆRÐIR ERU Í GILDI." Hvað verður nákvæmt bil á milli húsa?

3. Nokkur skuggavörp fylgja kynningunni: skuggavarþ sumarsólsstöðvar 21. júní og skuggavarþ jafndægur 21. mars og 23. september. Okkur finnst að skuggavörpin sem skipta mest máli er þegar sólin er lægst á himni, frá nóvember til febrúar. Á þessum árstíma berst nú þegar mjög lítið sólarljós til húsins okkar. Við höfum miklar áhyggjur að með því að byggja hærra hús sunnan megin við húsið okkar verður sólarljósið að mestu horfið á veturna. Er hægt að fá nokkur skuggavörp fyrir þennan tímabil?

4. Er planað að loka alveg fyrir umferð bíla á milli húsa á Kárnesbraut 96 og Vesturvör 13? Aðgang fyrir bíla fyrir Kárnesbraut 92 og 94 er núna á milli Vesturvör 13A og 11B. Það er hægt að halda áfram alla leið til Kárnesbrautar 96. Þetta er ekki vandamál eins og er þar sem það er líka aðgang að Kárnesbraut 96 frá Kárnesbrautinni og íbúarnir nota alltaf aðgangið frá Kárnesbraut. Við höfum áhyggjur að bilið á milli húsa á Kárnesbraut 96 og Vesturvör 13 verður að bílastæði ef ekkert verður gert til að koma í veg fyrir það. Það er oft fleiri en einn bíll á hverju heimili en bílastæðin við Kárnesbraut 96 verða aðeins 4 (1 stæði fyrir hverja íbúð + 1 gestastæði).

Virðingarfyllt,
Philippe Hoornart.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026